

## 2. gr.

5. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Egg sem fara til útungunar reiknast þannig, að fyrir hvert kg. eggja til framleiðslu holdakjúklinga reiknast 8,6 kg fódurs og fyrir framleiðslu eggja til eldis varpfugla, reiknast 5,7 kg fódurs á kg eggja. Þeir framleiðendur sem fá endurgreitt skv. þessari málsgrein, skulu mánaðarlega skila skýrslum um útungun og ráðstöfun framleiðslunnar til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 30. gr. laga nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. janúar 1989.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1988.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 628 31. desember 1987 um innheimtu  
fóðurgjalda.**

## 1. gr.

1. og 2. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. Grunnjald, sem skal vera 50% af tollverði hverrar fódurtegundar, þó aldrei hærra en kr. 5 400,00 af hverju tonni hinnar gjaldskyldu vöru.
2. Sérstakt grunnjald sem skal vera kr. 5 000,00 á hvert tonn hinnar gjaldskyldu vöru.

## 2. gr.

6. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Undanskilin gjaldtöku eru fódursölt, snefilefni, herðir, bætiefni og steinefnablöndur. Sama gildir um korn og vörur úr því til manneldis, sem flokkast undir ofangreind tollskrárnúmer, enda sé varan í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna, og umbúðirnar beri með sér að varan sé ætluð til manneldis. Sé um stærra umbúðir að ræða eða flutning í lausri vigt, getur landbúnaðarráðuneytið veitt undanþágu frá gjaldskyldu að hluta eða öllu leyti, enda sé notkun vörunnar sú er að ofan greinir. Hafi undanþága ekki verið veitt getur landbúnaðarráðuneytið ákveðið að endurgreiða fóðurgjöld skv. 1. gr. af vörum til manneldis, fiskeldis eða loðdýraræktar.

## 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, öðlast gildi 1. janúar 1989.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. desember 1988.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Guðmundur Sigþórsson.*